



Fjölbautaskóli Suðurlands

**VINN2LS05**  
**Vinnustaðarnám**  
**Kennsluáætlun vorönn 2020**

---

**Kennari/ar:** Íris Þórðardóttir

**Skammstöfun:** Íþ

Vinnustaðanámið fer fram á almennri deild á sjúkrahúsi s.s. skurð- og lyflækningadeildum. Verklegur hluti áfangans er 15 átta klukkustunda vaktir á önn. Nemendur vinna jafnframt verkefni tengt viðfangsefnum vinnustaðanámsins. Kennari áfangans, sjúkraliði/leiðbeinandi og deildarstjóri bera sameiginlega ábyrgð á verklegu námi sjúkraliðanema. Nemandi fylgir leiðbeinanda við öll almenn störf sjúkraliða og öðlast þjálfun í þeim. Í upphafi tímabils setur nemandi sér persónuleg og fagleg markmið um vinnustaðanámið. Á meðan á vinnustaðanámi standur skal nemandi fylla út gátlista og ferilbók um unna verkþætti.

**Pekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- athöfnum daglegs lífs (ADL) við umönnun sjúklinga á sjúkrahúsum
- viðurkenndum reglum um smitgát og sýkingavarnir
- fylgikvillum rúmlegu
- faglegri umhyggju og samskiptum í hjúkrunarstörfum
- mikilvægi eftirlits og mats á líkamlegu og andlegu ástandi sjúklings mælitækjum og öðrum hjúkrunargögnum sem notuð eru í hjúkrunarstörfum
- skráningu hjúkrunar
- mikilvægi þagnarskyldu
- réttindum sjúklinga samkvæmt lögum
- undirbúningi sjúklings fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir
- mikilvægi forgangsröðunar í hjúkrunarstörfum
- sýnatökum og meðferð sýna

**Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meta sjálfsbjargargetu og þarfir sjúklingins í athöfnum daglegs lífs
- vinna eftir reglum um smitgát og sýnatökur

- sýna sjúklingi faglega umhyggju í hjúkrun
- taka þátt í að mæla og skrá algengar athuganir hjá sjúklingum
- nota helstu hjálpartæki og hjúkrunargögn á viðeigandi hátt
- taka þátt í þverfaglegri samvinnu heilbrigðisstéttu
- forgangsraða eigin störfum
- vinna samkvæmt hjúkrunarferli
- útskýra mikilvægi þagnarskyldu og réttindi sjúklinga
- taka þátt í hjúkrun sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir

### **Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- velja viðeigandi hjúkrunarmeðferð hverju sinni og geta rökstutt hana
- geta hjúkrað sjúklingi fyrir og eftir aðgerð og rannsóknir
- virða og rökstyðja mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar við sjúkling
- sýna hæfni í samskiptum við sjúklinga og samstarfsfólk
- sýna faglega umhyggju í hjúkrun

### **Námsmat**

Leiðsagnarmat þar sem vinna nemanda í áfanganum er metin með reglugundnum hætti ásamt því að skrá í ferilbók og gátlista. Til grundvallar matinu er einkum horft til sjálfstæðis í vinnubrögðum, hæfni í hjúkrunarstörfum og samskipta við sjúklinga og samstarfsfólk. Nemendur gera verkefni sem kennari leggur fyrir og tengist viðfangsefnum deildar og vinnustaðanámsins/verknáms.

100% mætingarskylda er í áfangan og ef nemandi missir úr verknámsdag/ daga þarf hann að vinna þá upp í samvinnu við kennara, leiðbeinanda og deildarstjóra.